

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 145/1984.

Ágúst Ísfjörð

Kristín B. Einarsdóttir og

Kristrún Bjarnadóttir

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Árna Þór Kristjánssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.)

og gagnsök.

Skuldabréf. Aðild.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1984. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað óskipt fyrir Hæstarétti, er ákveðst 44.000,00 krónur.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ágúst Ísfjörð, Kristín B. Einarsdóttir og Kristrún Bjarnadóttir, greiði gagnáfrýjanda, Árna Þór Kristjánssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 44.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi í dag,

höfðaði Árni Þór Kristjánsson, nnr. 0526-4871, Heiðargerði 58, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. mars sl., gegn Ágústi Ísfjörð, nnr. 0133-0977, Hamrabergi 11, Reykjavík, Kristínu B. Einarsdóttur, nnr. 5735-8700, til heimilis sama stað, og Krístrúnu Bjarnadóttur, nnr. 5955-3216, Bústaðavegi 61, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 215.267,20 ásamt 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. janúar 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru krafa um sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

## II.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi með lánskjaravísitölu 786, útgefnu 9. september 1983 af Ágústi Ísfjörð. Fjárhæð bréfsins er kr. 200.000,00 og skyldi greiðast með 12 afborgunum á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. janúar 1984, vextir samkvæmt ákvörðun Seðlabankans á hverjum tíma, nú 2% ársvextir. Bréf þetta var til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Samkvæmt útreikningi bankans er hækkun vísitölu frá útgáfudegi 7.634%, og stóð því bréfið í kr. 215.267,20 hinn 16. janúar 1984, er fyrsta afborgun skyldi greidd.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bréf þetta sé hluti af andvirði bifreiðar, sem stefnandi hafi selt stefnda Ágústi Ísfjörð 9. september 1983. Stefnandi sé starfsmaður í Búnaðarbanka Íslands og hafi skuldabréfaform Búnaðarbankans verið notað. Í meginmáli bréfsins hafi því orðin „Búnaðarbanka Íslands“ verið sett innan sviga, en nafn stefnanda skráð sem eiganda skuldarinnar, eins og rétt sé.

Undir rekstri málsins var bókað eftir lögmanni stefnanda, að þegar hann hafi fengið skuldabréfið á dskj. 2 til innheimtu, hafi hann veitt því athygli, að í meginmáli bréfsins hafi staðið orðin „skulda Búnaðarbanka Íslands,“ sem ekki hafi verið rétt samkvæmt frásögn stefnanda, heldur hafi hann sagt sér hafa láðst að strika út orðin „Búnaðarbanka Íslands“ í skuldabréfaforminu. Lögmaður stefnanda kvaðst þá með samþykki stefnanda hafa látið sviga yfir orðin Búnaðarbanka Íslands og látið nafn stefnanda í staðinn og sé nafn stefnanda vélritað inn á bréfið af lögmanni stefnanda.

Mál þetta sé rekið samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 í samræmi við ákvæði skuldabréfsins sjálfs. Þær Krístrún Bjarnadóttir og Kristín B. Einarsdóttir hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari með

áritun sinni á bréfið. Ekkert hafi verið greitt af skuld þessari og bréfið allt gjaldfellt sökum vanskila.

### III.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Samkvæmt skuldabréfi því, sem lagt hafi verið fram í málinu og kröfur stefnanda eru byggðar á, sé skuldareigandi Búnaðarbanki Íslands. Stefnandi hafi ekki fengið skuldabréfið framselt með löglegu framsali. Hann sé því eigi réttur eigandi þess eins og það liggja fyrir.

Við munnlegan málf lutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að vottorð Búnaðarbanka Íslands á dskj. 7 skipti engu máli við niðurstöðu máls þessa. Sama sé um lögskiptin á bak við skuldabréfið þegar af þeirri ástæðu, að mál þetta sé rekið sbr. 17. kafla laga nr. 85/1936.

### IV.

#### *Álit dómarans.*

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf það, sem hann byggir kröfur sínar á, og er það í samræmi við lýsingu í stefnu.

Á dskj. 4 er afrit af afsali, þar sem stefnandi afsalar stefnda Ágústi Ísfjörð bifreið sinni, D 406, Ford Bronco, árg. 1979, fyrir kr. 300.000,00. Á dskj. 7 er vottorð Búnaðarbanka Íslands, þar sem fram kemur, að Búnaðarbankinn hefur aldrei verið eigandi framangreinds skuldabréfs, en bréfið hafi verið til innheimtu í bankanum fyrir stefnanda. Verður því lagt til grundvallar við niðurstöðu máls þessa, að stefnandi sé eigandi skuldabréfsins, enda verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að stefnanda sé óheimilt að færa sönnur að eignaraðild sinni að skuldabréfinu, þar sem málið sé rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. a lið 1. mgr. 208. gr. sömu laga svo og það, að sérákvæði 17. kafla eml. miða að því að auðvelda eigendum tiltekinna krafna málsókn, en ekki öfugt. Þar sem eina vörn stefndu er, að stefnandi sé ekki réttur aðili, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 41.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Ágúst Ísfjörð, Kristín B. Einarsdóttir og Krístrún Bjarnadóttir, greiði in solidum stefnanda, Árna Þór Kristjánssyni, kr. 215.267,20 með 2,5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 16. janúar 1984 til greiðsludags og kr. 41.000,00 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.